Eik fasteignafélag hf.
Sóltún 26
105 Reykjavík

11. september 2026

# Staðfesting og könnun PwC á útreikningum sérstakra skilyrða skuldabréfaflokksins EIK 120266

Í tengslum við þjónustusamning PricewaterhouseCoopers ehf. („PwC“) við Eik fasteignafélag hf. („Eik“), undirritaður 9. október 2017, birtir PwC hér niðurstöður í tengslum við hlutverk sitt sem eftirlitsaðili vegna skuldabréfaflokksins EIK 120266.

Eftirlitsaðili skal staðfesta og kanna sjálfstætt útreikning útgefanda (Eik) á sérstökum skilyrðum, þ.e. sjóðstreymis- og eiginfjárkvöðum og fjárhæð tryggingabréfa, eins og þau eru skilgreind í skuldabréfaflokknum. Efnahagsliðir miðast við punktstöðu á uppgjörsdegi og rekstrarliðir við undangengna tólf mánuði frá uppgjörsdegi. Staðfestingin og könnunin skiptist í sérstök fjárhagsleg skilyrði og tryggingaskilyrði sbr. hér að neðan.

| **Aðgerðir** | | | **Niðurstöður** | |
|---|---|---|---|---|
| **Fjárhagsleg skilyrði** | | **Skilyrði** | **Niðurstaða útreiknings** | **Skilyrði staðist** |
| Sjóðstreymiskvöð: | Hreinar leigutekjur deilt með reiknuðum vöxtum á tólf mánaða tímabili. | Aldrei lægra en 1,5 | 2,49 | **Já** |
| Eiginfjárkvöð: | Eiginfjárhlutfall án óefnislegra eigna á prófunardegi. | Aldrei lægra en 20% | 27,8% | **Já** |

| Tryggingaleg skilyrði | | Skilyrði | Niðurstaða útreiknings | Niðurstaða útreiknings |
|---|---|---|---|---|
| Sjóðstreymiskvöð | Hreinar leigutekjur veðandlagsins deilt með reiknuðum vöxtum af nettó veðskuldum (án verðbóta og gengisbreytinga) á tólf mánaða tímabili. | Aldrei lægra en 1,65 | 2,57 | **Já** |
| Veðsetningarhlutfall: | Hlutfall nettó veðskulda miðað við bókfært virði veðandlagsins. | Aldrei hærra en 75% | 67,7% | **Já** |

PwC staðfestir hér með að skuldabréfaflokkurinn EIK 120266 stenst öll ofangreind skilyrði miðað við dagsetninguna 30.06.2026.

# Undirritunarsíða

## Örn Valdimarsson

Undirritað af:
Örn Valdimarsson
2109683859
Dags: 11.09.2026
Tími: 13:06:42
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 976ee418-7788-49fc-97bd-093fe035db83